

AUGLÝSING

**um breytingu á reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana
við Seðlabanka Íslands, nr. 115/2001, sbr. auglýsingu nr. 140/2001.**

1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. 5. tl. reglnanna hljóði svo:

Daglán sbr. 4. tl. sem tekin verða 28. febrúar 2002 eða 1. mars 2002 með vaxtagildistöku 28. febrúar 2002 skulu vaxtareiknuð miðað við þriggja daga lánstíma, þ.e. samkvæmt 30/360 daga reglunni.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi við birtingu og kemur í stað auglýsingar nr. 140/2001.

Reykjavík, 22. febrúar 2002.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Finnur Ingólfsson
bankastjóri.